



MANNVIT



IÐNAÐARSVÆÐI Á BAKKA

NORÐURÞING

Deiliskipulag, 1. áfangi

GREINARGERÐ og UMHVERFISSKÝRSLA

9. október 2013





MANNVIT



Mannvit Verkfræðistofa

Grensásvegur 1
108 Reykjavík
Sími: 422 3000
Fax: 422 3001
@: mannvit@mannvit.is
www.mannvit.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	1
2.	Forsendur.	1
3.	Fyrirliggjandi stefna og áætlanir.....	2
4.	Staðhættir og umhverfisaðstæður.....	3
5.	Veitur.....	4
6.	Vegir innan skipulagssvæðis.....	6
7.	Skipulagsreiturinn.....	7
8.	Umhverfisskýrsla	11
9.	Kynning samráð og afgreiðsla.....	16
10.	Heimildir.....	19
11.	Viðaukar.....	20
12.	Deiliskipulagsuppráttur.....	23

Forsíðumynd: Björn Jóhannsson – júní 2013

Myndefni: Útsýni af Gónhól út á Bakka- og Héðinshöfða

1. Inngangur

Í gildandi Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030, sem staðfest var af ráðherra 22. desember 2010 er gert ráð fyrir 201 ha iðnaðarsvæði (I-1) á óbyggðu svæði, í landi Bakka, um 3 km norður af Húsavík. Áætlanir skipulagsins gerðu ráð fyrir stóriðju og öðrum tengdum iðnaði og þar yrði heimilt að reisa allt að 346.000 tonna álver og tilheyrandi mannvirki.

Forsendur hafa nú breyst þannig að áform um „eitt stórt iðjuver á Bakka“ hafa verið slegin út af borðinu og nú stefnt að uppbyggingu fleiri, en smærri stóriðjulóða. Áformað er að svæðið byggist upp í nokkrum áföngum og er þetta deiliskipulag fyrsti áfangi þeirrar vinnu og nær yfir þriðjung svæðisins.

Auk þess að móta deiliskipulag á þessum hluta svæðisins er einnig mótuð stefna um mögulega útfærslu á öllu svæðinu til að skapa samræmda heildarsýn fyrir allt svæðið. Tillaga að þessu er sett fram sem skýringarmynd á meðfylgjandi deiliskiplagsupprætti, en er ekki hluti af skipulaginu sjálfu og því ekki bindandi fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu. Tillagan gæti nýst sem leiðarljós við frekari uppbyggingu sveitarfélagsins á stóriðjusvæðinu á Bakka (sjá upprætt).

Útfærsla deiliskipulagsins byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti og stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu á svæðinu.

Greinargerð þessi er unnin í samræmi við 1. mgr. 23. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 6. greinar laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlna.

2. Forsendur

Forsendur þess að farið er af stað í gerð deiliskipulagsins eru áætlanir PCC SE sem hyggst reisa verksmiðju til framleiðslu á kísilmálmvi við Bakka á Húsavík.

Með áætlun sinni hyggst fyrirtækið reisa verksmiðju með framleiðslugetu sem nemur 33.000 tonnum á ári miðað við 52 MW aflþörf. Verksmiðjan verður hönnuð með framtíðar-stækkun í huga, eða framleiðslugetu sem nemur allt að 66.000 tonnum á ári miðað við 104 MW aflþörf. Gert er ráð fyrir að

fyrirtækinu verði úthlutað um 20 ha lóð innan skilgreinds iðnaðarsvæðis í sveitarfélaginu Norðurlandi og að orku sem þarf til framleiðslunnar verði aflað frá virkjunum á háhitasvæðinu í Þingeyjarsýslum. Áætlað er að verksmiðjan muni skapa um 150 framtíðarstörf, að ótöldum þeim störfum sem verða til vegna kaupa á þjónustu og orku.

Framkvæmdin er matsskyld skv. 5. tl. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br um mat á umhverfisáhrifum. PCC SE hefur lagt fram frummatsskýrslu sem unnin var af verkfræðistofunni Eflu sem annast mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Lóð sú sem fyrirhuguð er undir verksmiðju PCC SE er á syðsta hluta iðnaðarsvæðisins I-1, eins og það er sýnt í Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030, sunnan Bakkaár og norðan Gónhóls.

Þó svo að Norðurland sé aðili að undirbúningsvinnu annarra aðila sem hafa sýnt áhuga á að fá lóð fyrir starfsemi á iðnaðarsvæðinu er ákveðið að deiliskipuleggja eingöngu svæði þar sem áform og þörf fyrir byggingar o.fl. er vel skilgreind á þessu stigi málsins og ekki komi til tafa á framkvæmdum vegna vöntunar á skipulagi.

Auk lóðar fyrir verksmiðju kísilmálmvinnslu eru skipulagðar lóðir fyrir annan tengdan iðnað og lóðir fyrir þjónustu s.s. slökkvistöð, hreinsistöð fyrir frárennsli og spennivirki raforku til stóriðju. Einnig er gert ráð fyrir slökkvivatnstjörn í farvegi Bakkaár austan þjóðveggar fyrir nægjanlegt slökkvivatn fyrir iðnaðarsvæðið.

Forsenda svæðis fyrir stóriðju er tenging þess við hafnarsvæði og er gert ráð fyrir að inn í deiliskipulagið komi sameiginlegur iðnaðarvegur, með legu frá iðnaðarsvæðinu að Húsavíkurhöfn. Þó hönnun hans sé ekki lokið er lega hans innan deiliskipulagsreitsins fastmótuð þar sem hann liggur með ströndinni og getur þjónað umferð frá öllum stóriðjulóðum svæðisins, s.s. vagnlestum.

Í aðalskipulagi er iðnaðarsvæðið (I-1) tvískipt, að mestu vestan þjóðveggar niður að sjó (143 ha), en

einnig um 300 m breitt svæði austan hans (58 ha). Eitt af leiðarljósum þessa 1. áfanga deiliskipulagsins er að forðast skuli að byggja austan þjóðveggar eins lengi og kostur er og því er skipulagi þar frestað að því undanskyldu að lóð spennivirkis raforku fyrir heildarsvæðið er þar staðsett.

Með þessu á að halda sem mest óbreyttri ámynd lands í austurátt og þannig verði tilfinning vegfaranda sem fer um þjóðveg, að hann aki meðfram iðnaðarbyggð, en ekki í gegnum hana. Deiliskipulagið miðast við að halda byggðinni sem mest samfelldri.

Við staðsetningu lóða og byggingarreita er leitast við:

- að varðveita helstu útivistarsvæði,
- að varðveita „útsýnislínur“ s.s. að af Gónhóli sé varðveitt útsýni til vesturs t.d. með takmörkun á umfangi byggingarreits syðst á stóriðjulóð,
- að varðveita gönguleið og útivist meðfram Bakkaá, niður í Bakkakrök, meðfram sjávarbökkum og víðar,
- að fresta skipulagi iðnaðarlóða austan þjóðveggar 85 sem lengst og varðveita sem mest óbreytta ámynd lands í austurátt, að spennivirki verði austan vegar og sé staðsett sem næst stóriðjulóð en sem fjærst þjóðvegi,
- að raforka verði leidd að stóriðju með jarðstrengjum og minnka þannig sjónræn áhrif á vegfaranda,
- að fresta byggingu á svæðum þar sem helstu fornleifar eru enn órannsakaðar.

3. Fyrirliggjandi stefna og áætlanir

Í Aðalskipulagi Norðrúpings 2010-30, Húsavík, sem staðfest var af umhverfisráðherra þann 22.12.2010 segir eftirfarandi um mannvirki á iðnaðarsvæði I-1: „Á svæðinu er heimilt að reisa allt að 346.000 tonna álver og tilheyrandi mannvirki. Þar er einnig heimilt að reisa mannvirki og starfrækja atvinnufyrirtæki sem hafa hag af nálægð við álver eða við þjóðveg og höfn. Í deiliskipulagi verði gerðar strangar kröfur um vandað útlit mannvirkja, frágang umhverfis og umgengni á svæðinu.“

Frá þessari stefnu um „eitt stórt iðjuver á Bakka“ er nú horfið og ný áætlun gerð um að stefnt skuli að uppbyggingu „fleiri, en smærri aðila“. Áformað er að svæðið byggist upp í nokkrum áföngum og er þetta deiliskipulag fyrsti áfangi í þeim áformum. Unnið er að breytingu á aðalskipulagi þessa efnis samhliða deiliskipulagi.

Með þessari stefnu er skilyrðum fyrir iðnaði á þessu svæði (I-1) heimilt að reisa mannvirki og starfrækja atvinnufyrirtæki fyrir:

- stóriðju, smærri aðila og iðnaðarfyrirtæki sem hefur hag af:
- nálægð við þessa stóriðju, eða
- nálægð við þjóðveg og/eða
- góðri tengingu við höfn

Öðrum iðnaði en uppfylla þessi skilyrði er svo vísað á önnur iðnaðarsvæði (4) og athafnasvæði (6) á Húsavík, sem skilgreind eru í aðalskipulaginu.

Í greinargerð aðalskipulagsins segir auk þess um iðnaðarsvæði I-1: „Svæðið er einnig afmarkað nær sjó en í Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025. Við gerð deiliskipulags skal þess gætt að ekki sé byggt nær sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram honum (sbr. Skipulagsreglugerð gr. 4.15.2) og tryggja skal aðgengi almennings að náttúruminjasvæði á Bakkahöfða, sbr. einnig gönguleið sem sýnd er á þéttbýlisupprætti, til nánari útfærslu í deiliskipulagi.“

Almennt um iðnaðarsvæði gerir áætlun aðalskipulagsins ráð fyrir að: „Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólþælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Gróðurhús eru heimil. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.“

„Þéttleiki byggðar á iðnaðarsvæðum skal taka mið á einkennum núverandi svæða og falla vel að þeim. Að öðru leyti vísast í deiliskipulag.“

Í kaflanum um atvinnu- og þjónustusvæði (24.2.2) í aðalskipulaginu segir: „Athafna- og iðnaðarsvæði: Tryggt verið nægjanlegt framboð iðnaðar- og athafnasvæða í góðum tengslum við stofnveg og höfn og þar sem áhrif á íbúðarbyggð eru sem minnst.“

Ekkert deiliskipulag er í gildi innan iðnaðarsvæðisins (I-1).

4. Staðhættir og umhverfisaðstæður.

4.1 Staðhættir iðnaðarsvæðis I-1

Iðnaðarsvæðið I-1 við Bakka er í heild um 201 ha að stærð. Að norðan ráða sveitarfélagsmörk við Reyðará, en sjávarströnd að vestan, nema fremst á Bakkahöfða, þá ráða austurmörk hverfisverndar. Að austan liggur bein lína í um 300 m fjarlægð með þjóðvegi, um 2 km löng frá Reykjaá og suður fyrir Gónhól og þaðan bein lína í vestur til sjávar, sunnan Gónhóls. Lögum iðnaðarsvæðisins og umfang kemur fram á þéttbylisupprætti Aðalskipulags Norðurþings 2010-2030.

Rúmlega helmingur þessa svæðis (norðvestan til) er tiltölulega flatur, mýrlendur í hvilft u.þ.b. 10 – 20 m y.s., og hækkar síðan í austurátt upp að vegi og hækkar einnig í átt að Bakkahöfða til vesturs. Austan vegar hækkar landið örur, upp í hlíðar Húsavíkurfjalls, en austast og syðst í horni svæðis, er landhæð komin upp í 95 m.y.s.

Svæðið er óbyggt eins og er og nýttist að mestu sem biðhagar fyrir hross og kindur. Svæðið norðan iðnaðarsvæðisins (Tjörneshreppur) er nýtt til landbúnaðar og frá suðurmörkum svæðisins er um 1,2 km er að nyrstu húsum byggðar Húsavíkur.

Landið við Bakka er í eigu sveitarfélagsins Norðurþing.

4.2 Staðhættir á deiliskipulagsreit.

Svæði deiliskipulagsins er 77 ha að stærð, staðsett syðst á iðnaðarsvæði I-1, aðallega vestan

þjóðvegur 85, nema lóð spennivirkis sem anna á raforkuþörf iðnaðarsvæðisins í heild.

Landinu hallar til norðvesturs frá Gónhól í suðausturhorni reitsins sem er hæsti punktur í 70 m hæð og niður að sjó. Bakkaá rennur þar nokkru norðar, til sjávar í norðanverðan Bakkakrök.

Sunnanvert svæðið er að mestu þurrlegt / grónir melar, rofnir lúpínuflákar og graslendi, en nokkuð mýrlent nyrst. Hæsti punktur er Gónhóll, u.þ.b. 70 m y.s. Minni votlendissvæði er í hvilft meðfram Bakkaá / í Bakkakrök en stærð svæðisins nær ekki 3 ha. Þar eru grónar mógrafir.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir lóð stóriðju (PCC SE), sunnan Bakkaár, en þjónustulóðir og minni iðnaðarlóðir norðan hennar. Nyrst og austast á reitnum, austan þjóðvegur 85, er lóð fyrir spennivirki þaðan sem raforka verður leidd að iðnaðarsvæði með jarðstrengjum að stóriðjulóðum vestan vegar. Að auki er gerð grein fyrir staðsetningu og umfangi slökkvivatnstjarnar austan þjóðvegur, upp í gili Bakkaár, með yfirborðshæð u.þ.b. 60 m.y.s.

4.3 Náttúrufar og náttúruvernd.

Votlendi á iðnaðarsvæði við Bakka fellur undir skilgreiningu 37. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd mýra og flóa þar sem mýrin er yfir 3 ha að stærð (Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, óbirt drög), en þetta svæði fellur utan deiliskipulagsreits.

Við gróðurúttekt á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði fundust ekki friðlýstar tegundir, tegundir á valista eða sjaldgæfar tegundir á lands- og héraðsvísu. Ein tegund, brönugrös (*Dactylobiza maculata*), var skráð sem er sjaldséð í Þingeyjarsýslum (Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, óbirt).

Bakkafjara og Bakkahöfði ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi eru á náttúruminjaskrá vegna sérkennilega rofinna sjávarkletta og bergganga fram undan höfðanum og lífríkis í fjörum og skerjum (Náttúruverndarráð, 1996).

Umfang þessa svæðis er merkt inn á deiliskipulagsupprættinn, eins og það kemur fyrir í aðalskipulagi.

Á skipulagssvæðinu er ekki varpsvæði sjaldgæfra fugla, en varpþéttleiki nokkurra algengra tegunda er nokkuð mikill.

4.4 Fornleifar og minjavernd.

Iðnaðarsvæði I-1: Fornleifaskráning á Húsavík var upphaflega gerð árið 2002 (Fornleifastofnun Íslands, FS166-01171 / Elín Ósk Hreiðarsdóttir) en seinna hafa verið gerðar ítarlegri fornleifarannsóknir á stóriðjusvæðinu á Bakka. Nokkrar skráningar-skýrslur hafa verið skrifaðar um þetta svæði vegna fyrirhugaðra framkvæmda, tvær árið 2007 og tvær þær síðustu árið 2012 (Fornleifastofnun Íslands, - sjá lista yfir heimildir). Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum á vegum PCC SE voru einnig gerðar rannsóknir á svæðinu sunnan Bakkár (Fornleifafræðistofan, apríl 2012 - sjá heimildir).

Í skýrslunum er metin hættu á röskun fornminja þannig að allar skráningar innan lóða og 50 m út frá lóðarmörkum er metið í „stórhættu“ þar utan við í „hættu“ og undir vegum og 25 m frá miðlínu þeirra er fornleifar metna í „stórhættu“. Miðað við þessa túlkun sýnist vera um að ræða 28 merktar og skráðar fornminjar innan skipulagðra lóða deiliskipulagsreitsins. Á stóriðjulóð merktri PCC SE eru 15 af þessum minjum (3 tvískráðar), en 8 þeirra vegna iðnaðar- og þjónustulóða. Vegna vega iðnaðarvegjar eru 14 metnar þannig í stórhættu og utan lóðar við skolphreinsi-/dælustöð eru 5 skráningar þannig metnar. Í þessum tölum eru 8 númeraðar athuganir sunnan Bakkaár sem gerðar voru af Fornleifafræðistofunni, 3 af þeim falla ofan í fyrri skráningar.

Listi skráðra fornminja er unninn upp úr ofangreindum skýrslum og er að finna í töflum í viðauka A. Einnig er vísað til 24. gr. laga um menningarmínjar (nr. 80/2012) þar sem segir m.a.: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunn umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með

hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar.“

4.5 Samfélag.

Iðnaðarsvæði I-1 er óbyggt og nýtt sem bithagi. Svæðið er þó einnig nýtt í óformlegri útivist og afþreyingu: Ýmsar slóðir eru nýttar sem göngu- og reiðleiðir, m.a. niður í Bakkakrök og út í Kotsvík og einnig er gengið á grónu landi upp á Bakkahöfða – og að hluta til meðfram fjöru / á ströndinni.

Á svæði deiliskipulagsins eru göngu-/reiðleiðir sem munu að hluta til hverfa með uppbyggingu iðnaðarstarfseminnar. Í aðalskipulagi er gerð grein fyrir að reiðleiðum verð breytt þannig að þær lendi austan iðnaðarsvæðis I-1, því er ekki breytt með þessu skipulagi.

Í deiliskipulagstillögu þessari er gerð grein fyrir þeim gönguleiðum sem útbúa á um útivistarsvæði reitsins og út á Bakkahöfða.

5. Veitur.

Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskipta- og fráveita. Með stofnkerfi er átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi.

5.1 Vatnsveita.

Neysluvatn til nota í iðnaðarhverfinu í heild, er áætlað að fá frá vatnsbólum í Bakkaá, Reyðará og frá Köldukvísl.

Gert er ráð fyrir að virkja lindir í upptökum Bakkaár í um 2,5 km fjarlægð frá skipulagssvæðinu. Óljóst er hversu mikil vatnspörf er hjá iðjufyrirtækjunum, svo sem hvort þörf er fyrir vatn til kælingar o.þ.h.

Til að uppfylla kröfur um nægt magn slökkvivatns gerir deiliskipulagstillagan ráð fyrir tjörn með stíflu um 175 m austan þjóðvegjar 85, í gili Bakkár með vatnsyfirborði í mestu hæð 60 m y.s.

5.2 Hitaveita.

Ekki er áætlað að lögð verði hitaveita inn á svæðið, þar sem áætlanir gera ráð fyrir að afgangsvarmi frá

stóriðju verði nýttur til hitunar. Komi til þess, að leggja þurfi hitaveitu á svæðið verða skoðaðir möguleikar á öflun heits vatns norðan Húsavíkur, svo sem með borun eða nýtingu hola sem fyrir hendi eru. Ekki er gert ráð fyrir að fæða svæðið frá núverandi bæjarkerfi.

Öll áform um kælingar vegna framleiðslu þurfa koma fram við veitingu lóða, þar sem tíundað er áætluð kælivatnspörf og með hvaða miðlum það er gert (sjó, ferskvatni o.s.frv.). Leiða skal kælimiðil um lagnir í lokuð kerfi framleiðslunnar, þannig að það komist ekki í snertingu við nein efni í ferlinu.

Hvaðan sem kælimiðlar eru teknir er gerð krafa um að sá búnaður sem er til upptöku hans valdi ekki tjóni á því umhverfi og þeirri náttúru sem hann er staðsettur í.

Deiliskipulagið gerir þær kröfur að kælimiðlar sem hugsanlega á að leiða frá iðnaðarframleiðslu innan skipulagsreits séu ekki skaðlegir því umhverfi og þeirri náttúru sem það er leitt í, hvorki er varðar efnasamsetningu, mengun né hættulegu fráviki í hitastigi.

Sé notuð loftkæling þarf að gera ráðstafanir til þess að útblástur hennar uppfylli lög og reglugerðir um viðmiðunarmörk mengandi þátta út í umhverfið, sjá kafla 7.7 Umhverfisþættir á iðnaðarlóðum.

5.3 Fráveita.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir tvískiptu fráveitukerfi, regnvatnskerfi og kerfi fyrir almennt húsaskólp.

Meðhöndlun og tengingar fráveitu skal framkvæma skv. ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp (789/1999), með síðari breytingum. Einnig skal fráveitukerfi uppfylla ákvæði laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda ásamt reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

Áætlað er að regn- og yfirborðsvatn sé leitt í þar til gerðar settjarnir þannig að hægt sé að bregðast við,

ef yfirborðsvatn mengast og þannig verði komið í veg fyrir að mengun berist beint til sjávar. Gerð er grein fyrir settjörnum á og við lóðir, en staðsetning, stærð eða löggun er ekki bundin ákvæðum skipulagsins.

Allt almennt húsaskólp verður leitt í eins þrepa skólphreinsistöð niður við Bakkakrök (sjá kafla 7.4), áður en það er leitt til sjávar. Annar möguleiki er að skólpi af iðnaðarsvæðinu öllu verði dælt í hreinsistöð á Húsavík og því þurfi ekki að byggja upp hreinsistöð við Bakkakrök, en í þess stað kæmi dælustöð. Ákvörðun um þetta atriði verður tekin síðar, við hönnun fráveitu. Af norðurhluta iðnaðarsvæðisins (utan deiliskipulagsreits) þar sem land er lægra liggjandi, þarf að dæla skólpi í hreinsistöð óháð því hvor lausnin verður valin.

Frárennsli af hörðum flötum innan lóðar (gólf/plön) sem í getur komist mengandi vatn á ekki að fara í gegnum hreinsunarferli almenns skólps. Hreinsun á þessu frárennsli skal hver lóðarhafi leysa með tilheyrandi hreinsunarferlum innan lóðar, s.s. skiljum, áður en það er leitt í regnvatnskerfi (í gegnum settjarnir), en ekki beint til sjávar. Forvarnir gegn olíumengun skulu vera skv. ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Um frágang, eftirlit og viðhald hreinsunarbúnaðar skal fara eftir gildandi reglugerðum og stöðlum. Aðstaða skal vera til þess að taka sýni af fráveituvatni eftir skiljun. Hámarks magn olíu og fitu í frárennsli sé að hámarki 15 mg/l og svifagnir séu ekki meiri en 50 mg/l.

Varðandi hættu á mengandi starfsemi (iðnaðarskólp) er vísað í viðbrögð og skyldur í umhverfismati framkvæmdar hjá þeim aðilum sem það á við, skv. reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum, í hverju tilfelli fyrir sig.

5.4 Raforka.

Í Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 er gerð grein fyrir raflinum að stóriðju á iðnaðarsvæði I-1 og einnig sýnd raflína sem liggur í gegnum svæðið, svokölluð Tjörneslína.

Helgunarsvæði (einnig nefnt byggingarbannsvæði) háspennulína er svæði meðfram háspennulínunum þar sem takmarkanir geta verið á landnotkun og mannvirkjagerð.

Helgunarsvæði er mismunandi breitt en almennt gildir að því hærrí sem spennan er á rafkerfinu, því breiðara er helgunarsvæði línunnar. Almennt skal miða við u.p.b. 25 m breitt helgunarsvæði fyrir 66 kV línur, 25-45 m svæði fyrir 132 kV línur og 65-85 m fyrir 220 kV línur. Aðgengi að möstrum skal tryggt. Hafa skal samráð við veitufyrirtæki við skipulag og framkvæmdir í nágrenni háspennulína og ef ráðgerð er að nýta línuslóða.

Í Aðalskipulagi Norðurlþings 2010-30 er gerð grein fyrir staðsetningu spennivirkis og háspennulínunum þar að sem hentaði staðsetningu álvers og var staðsett norðarlega á iðnaðarsvæði I-1, vestan Þjóðvegur 85. Að spennivirki liggja tvær samhliða 220 kV háspennulínur frá fyrirhuguðum virkjunum á háhitasvæðunum í Þingeyjarsýslum, Þeistareykjalína 1 og Hólasandslína 1.

Staðsetning spennivirkis og lega raflínustæðis er sýnd á skipulagsupprætti Aðalskipulags Norðurlþings 2010-2030 um landnotkun, komandi austan frá, norðan Húsavíkurfjalls, vestur yfir Þjóðveg og inn á iðnaðarlóð álvers.

Nú við breytingar á eðli uppbyggingar stóriðju á Bakka er áætluð breyting á legu línanna á 4-5 km kafla næst Bakka ásamt nýrri staðsetningu tengivirkis, um 0,7 km sunnar á skipulagreitnum. Skipulagsstofnun hefur úrskurðað með bréfi dags. 25. júlí 2012, að: „breyting á legu Þeistareykjalínu 1 og Hólasandslínu 1 við Bakka - Færsla á tengivirki sé ekki líklega til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.“

Deiliskipulagstillagan gerir því ráð fyrir hinni nýju staðsetningu spennivirkis sem hentar breyttum byggingaráformum á Bakka. Þannig er hin nýja staðsetning spennivirkis tæpum 700 m sunnar og nokkru austan við Þjóðveg nr. 85. Þessi færsla gerir það að verkum að áður áætluð stefnubreyting

á háspennulínunum norðan Húsavíkurfjalls er tekin af og hún komi í beina línu frá brotþpunkti norðan Botnsvatns.

5.5 Aðalskipulagsbreyting vegna færslu raforkumannvirkja.

Vegna færslu á spennivirki og nýrri legu línustæðis næst Bakka mun Norðurlþing jafnhliða vinna að breytingu á Aðalskipulagi Norðurlþings 2010-2030 þessu til samræmis.

Á upprætti gildandi aðalskipulags, er einnig sýnd lega Tjörneslínu (11 kV). Línustæðið er sýnt fara í gegnum iðnaðarsvæði I-1, frá suðausturhorni þess í stefnu norðvestur, vestur yfir Þjóðveg og að Bakká, en þar breytir línan stefnu í norður í átt, með Þjóðvegi 85. Rarik hefur aflagt þessa loftlínu og í stað hennar er kominn jarðstrengur sem plægður var niður (dýpi 0,-1,0 m) meðfram vegslóða af Húsavíkurfjalli niður að Þjóðvegi 85 og liggur með honum austanverðum innan veghelgunarsvæðis, norður fyrir Reyðará og út á Tjörnes. Hann var straumsettur í febrúar 2013.

Breytingin á aðalskipulaginu fylgdi deiliskipulagsvinnunni í samhliða kynningar-/auglýsingaferli og umsagna. Engar athugasemdir bárust um breytinguna í því ferli.

6. Vegir innan skipulagssvæðis

Skv. Aðalskipulagi 2010-2030 eru skilgreindir stofn- og tengivegir sem fara um iðnaðarsvæði I-1. Til stofnvega flokkast núverandi Þjóðvegur nr. 85, en væntanlegur iðnaðarvegur með strönd telst til tengivega. Báðir þessir vegir fara í gegnum deiliskipulagsreitinn, án þess þó að þeir séu hluti af ákvæðum deiliskipulags, nema að skipulagðar lóðir fylgja helgunarsvæðum þeirra og síðan er gerð grein fyrir tengingum iðnaðargatna deiliskipulags inn á þá.

Þjóðvegur nr. 85 er austan skipulagðra lóða fyrir iðnað á deiliskipulagsreit. Um Þjóðveg 85 fer almenn umferð og er lega hans eins og fram kemur

í aðalskipulagi. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir tveimur tengingum tengivega/iðnaðargatna.

Iðnaðarsvæðið tengist Húsavíkurhöfn með sérstökum iðnaðarvegi með umferð sem takmarkast við það að þjóna starfsemi svæðisins. Vegurinn verður þannig hannaður að hann nýtist stórum flutningatækjum s.s. vagnlestum. Lega vegarins innan deiliskipulagsreits með strönd er í samræmi við aðalskipulag, en deiliskipulag gerir ráð fyrir 5 tengingum inná iðnaðarveginn.

Aðrar götur deiliskipulagsins sýna innri tengingar iðnaðar- og þjónustulóða, spennivirkis og lóðar fyrir fráveitumál (skólphreinsun/-dælingu) og tengingu lóðanna við stofn- og tengibrautir.

Vegir utan fyrsta áfanga deiliskipulags þessa, en innan iðnaðarsvæðis merkt I-1 í aðalskipulagi, eru ekki bundnir af ákvæðum þessa skipulags. Lega og tengingar eru einungis sýndar á skýringaruppdrætti, svo gerð sé grein fyrir mögulegri heildarvirkni svæðisins.

Í tengslum við nýtingu útivistarsvæðis upp með Bakkaá er áætlað að útbúa bílastæði fyrir aðkomu að stígakerfi svæðisins. Möguleiki er þar á uppsetningu upplýsinga- og kortaskilta ásamt setbekkjum. Aðstaðan telst til gatna- og stígakerfis.

7. Skipulagsreiturinn

Stærð deiliskipulagsreits er um 77 ha en samanlögð stærð skipulagðra lóða rúmir 37 ha. Þannig er drjúgur hluti reitsins skipulagður sem opin svæði til sérstakra nota og sem samgönguleiðir. Slökkvivatnstjörn í Bakkaá er 0,4 ha og er hér talið með í stærð skipulagðra lóða.

Lögun deiliskipulagsreitsins tekur mið af leiðarljósi deiliskipulagsins um að ekki skuli á þessu stigi vera iðnaðarbyggð austan þjóðvegjar 85.

Engin iðnaðarlóð er skipulögð á svæðinu austan þjóðvegjar 85, en lóð fyrir spennivirki er staðsett austast á skipulagsreitnum (og hærra í hlíðinni). Tvær samhliða raflínur (220 kV) koma að spennivirkinu austan frá, en raforkan síðan flutt til

notenda vestan þjóðvegjar um jarðstrengi. Þannig nást enn betur markmið um lítt raskaða ásynd lands í austurátt. Fjarlægð byggingareits spennivirkis frá vegi eru rúmir 160 m.

Mestur þéttleiki skráðra fornminjar er með bökkum Bakkaár, og þar sem E-lóð er skipulögð norðan Bakkaár, en áætlað að úthlutun lóðar dragist þar til svæðið hefur verið betur rannsakað, en verndargildi flestra minja er þó ekki talið hátt.

7.1 Lóð fyrir stóriðju. - Lóð A.

Á syðri hluta deiliskipulagsreitsins er skipulögð lóð fyrir stóriðju í tengslum við áform PCC SE um byggingu verksmiðju til framleiðslu kísilmáls. Lóðin er sunnan Bakkaár 236.299 m² að stærð og er í nokkuð hallamiklu landi norðan Gónhóls. Meðalhali á lóðarmörkum til suðurs er um 12%, en um 6% á norðurmörkum. Að sunnaverðu tekur byggingarreitur tillit til útsýnislína af Gónhól og heppilegri og áætlaðri legu bygginganna í landi, en að mestu leyti formaður af lóðarmörkum, í 10 m fjarlægð frá þeim.

Tveir byggingarreitir eru á lóð og eru skipulagsskilmálar innan þeirra eftirfarandi:

- Nýtingarhlutfall sé samanlagt að hámarki 0,75
- Hámarkshæð bygginga á norðurreit sé allt að 42 m mænishæð þannig skipt að:
 - 24-42 m hæð húsa fari ekki yfir 30% af grunnfleti
 - 12-24 m hæð húsa fari ekki yfir 50%
- Hámarkshæð bygginga á suðurreit sé allt að 5 m mænishæð.

Hámarkshæð er miðuð við mænishæð bygginga, en leyfilegt er að byggja upp fyrir þá hæð búnað s.s. skorsteina upp í hæð sem er undir 52 m. Hámarkshæð á hæsta mæni er 72 m y.s.

Á uppdrætti er tekinn fram leiðandi þakhalli húsa 0-20°, en leyfilegt er að víkja frá því á þessari lóð, við minni og einstaka byggingar, í allt að 45°, ef starfsemi þess krefst þess og mænishæð þeirra eykst ekki.

Að lóð eru þrjár aðkeyrslur, tvær af iðnaðarvegi, og sú þriðja af aðkomuvegi iðnaðar- og þjónustulóða sem tengist Þjóðvegi 85 norðan Bakkaár.

Starfsemi kísilmálmverksmiðju er háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Matsferli er lokið af hálfu væntanlegs lóðarhafa, PCC SE og birti Skipulagsstofnunar álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þann 3. júlí 2013.

Í álitinu telur Skipulagsstofnun að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði:

- 1) Áhættumat sem framkvæmdaraðili boðar vegna starfseminnar verði byggt á nýjustu gögnum um jarðskjálftavá á svæðinu.
- 2) Niðurstöður úr rannsóknum á lífríki haf- og strandsvæðis við Bakkakrök liggja fyrir áður en ráðist verður í framkvæmdir við sjókælingu, verði hún fyrir valinu.

Nánari ákvæði er varðar umhverfi og rekstur komi fram í starfsleyfi og samningum lóðarhafa við sveitarfélag við veitingu lóðar.

Lóðin er stóriðjulóð sem miðast við þarfir PCC SE. Ef breytingar verða á áformum PCC SE og aðrir aðilar huga að uppbyggingu á svæðinu eru kvaðir í deiliskipulagi þannig fram settar að ekki er gert ráð fyrir að þörf verði á breytingum á deiliskipulagi.

7.2 Iðnaðar- og þjónustulóðir. - Lóðir B.

Á norðurhluta deiliskipulagsreitsins er reitur þar sem skilgreindar eru sex lóðir, 4.880-10.000 m² sem ætlaðar eru undir smærri aðila og iðnfyrirtæki sem hafa hag af nálægð við stóriðju eða nálægð við Þjóðveg s.s. viðhaldsfyrirtæki o.f.l. Gert er ráð fyrir að byggja megi upp slökkvistöð á einni lóðanna. Ennfremur er gert ráð fyrir að byggja megi upp almenna þjónustu við iðnaðarstarfsemina á svæði s.s. verslun/veitingasölu.

Byggingareitir á lóðum eru almennt 20 m frá aðkomuvegi/götu, en 10 m frá öðrum lóðarmörkum.

Skipulagsskilmálar innan byggingarreits eru eftirfarandi:

- Nýtingarhlutfall sé að hámarki 0,40
- Hámarkshæð bygginga allt að 12 m
- Fjöldi hæða sé 1-3 hæðir.
- Þakhalli sé 0-20°.
- Mænisstefna sé í stefnu með Þjóðvegi 85.

Góðir möguleikar eru á bílastæðum framan við byggingar og aðkomu beggja vegna að þeim. Fjöldi bílastæða sé skv. starfsemi bygginga á lóð.

Tvær innkeyrslur eru að hverri lóð.

7.3 Spennivirki - Lóð C.

Nyrst og austast á deiliskipulagsreit er staðsett lóð fyrir spennivirki Landsnets hf.

Byggingarreitur 85 x 110 m er 40 m frá aðkomuvegi vestan lóðar, 10 m frá austurmörkum og 20 m frá norður/suður-lóðarmörkum.

Skipulagsskilmálar innan byggingarreits eru eftirfarandi:

- Nýtingarhlutfall sé að hámarki 0,20
- Hámarkshæð bygginga 16 m
- Fjöldi hæða sé 1-4 hæðir.

Vestan við aðkomuveg að spennivirki er lóð/svæði sem verður ekki skv. þessu deiliskipulagi ráðstafað undir byggingar vegna möguleika á þörf fyrir landsvæði fyrir niðurgrafna háspennustrengi, frá spennivirki að iðnaðarsvæði vestan Þjóðvegar 85.

7.4 Skólphreinsistöð - Lóð D.

Nyrst og vestast á deiliskipulagsreit, niður á sjávarbakka Bakkakróks, við mynni Bakkaár, er staðsett lóð fyrir eins þrepa skólphreinsi/skólpdælustöð. Til hreinsunar á almennu húsaskólpi, en ekki frá iðnaðarframleiðslu.

Verði sá kostur valinn að dæla öllu húsaskólpi til hreinsistöðvar staðsettri á Húsavík er möguleiki að nýta lóð þessa undir dælumannvirki.

Byggingarreitur 50 x 35 m er staðsettur 10 m frá öllum lóðarmörkum nema þeirri sem snýr að Bakkakrök, þar er fjarlægðin 5 m. Minnsta fjarlægð byggingarreits frá sjó er tæpir 60 m, en skv. gildandi aðalskipulagi má ekki byggja nær strönd en 50 m.

Skipulagsskilmálar innan byggingarreits eru eftirfarandi:

- Nýtingarhlutfall sé að hámarki 0,20
- Hámarkshæð bygginga allt 8 m
- Fjöldi hæða sé 1-2 hæðir.

Þó svo byggingarreitur sé nokkur að umfangi er áætlað að stöðin verði að mestu byggð neðanjarðar og mannvirki ofanjarðar verði ekki mikil að umfangi. Góðir möguleikar séu á greiðfærum aðgangi þjónustubíreiða og bílastæðum skv. reglugerð.

Að lóð er ein innkeyrsla um aðkomuveg frá iðnaðarvegi.

7.5 Iðnaðarlóð – Lóð E

Á norðurhluta deiliskipulagsreitsins vestan við iðnaðar- og þjónustulóðir er skipulögð iðnaðarlóð að stærð 55.461 m² sem ætluð er fyrir iðnfyrirtæki sem hefur hag af nálægð við stóriðju eða nálægð við þjóðveg.

Byggingarreitur á lóðum eru almennt 20 m frá aðkomuvegi/götu, en 10 m frá öðrum lóðarmörkum.

Skipulagsskilmálar innan byggingarreits eru eftirfarandi:

- Nýtingarhlutfall sé að hámarki 0,40
- Hámarkshæð bygginga allt að 12 m
- Fjöldi hæða sé 1-3 hæðir.
- Þakhalli sé 0-20°.
- Mænisstefna sé í stefnu með þjóðvegi 85.

Góðir möguleikar eru á bílastæðum framan við byggingar og aðkomu að þeim. Fjöldi bílastæða sé skv. starfsemi bygginga á lóð.

Tvær innkeyrslur eru að lóð, önnur beint að iðnaðarvegi að höfn.

Fyrirvari er gerður um ráðstöfun og framkvæmdir á lóðinni vegna þéttleika skráðra formminja.

7.6 Slökkvivatnstjörn.

Austan þjóðvegur nr. 85 í árgili Bakkaár er gerð grein fyrir staðsetningu á stíflu og tjörn til uppsöfnunar á árvatni til að uppfylla kröfur um tiltækt magn slökkvavatns (2400 l/mín. í 2 klst).

Skipulagsskilmálar er varða slökkvivatnstjörn sem fram kemur á deiliskipulagsupprætti eru:

- að stærð löns sé 0,4 ha.
- að rýmd þess þurfi að vera þannig, að á öllum árstímum sé hægt að ná tvöföldu magni af tilskyldu slökkvivatni (ófrosið), en stærð löns á upprætti gefur margfalda þá þörf,
- að hæð á yfirborði löns sé mest 60 m y.s.,
- að lengd stíflunnar milli gilbarma sé innan við 50 m og hæð mest um 8 m,
- að jarðvegsstífla lönsins sé hönnuð og byggð þannig að ekki stafi fólki hætta af, né hætta sé á tjóni á lægra liggjandi mannvirkjum,
- að búnaður vatnstöku, yfirfalls, og/eða til losunar og annað sem fylgir rekstri lönsins skal standast kröfur er varðar öryggi almennings og vinnu og öryggi umsjónaraðila,
- að stíflan sé þannig varin að ekki skapist slys af, að vatnsrennsli Bakkaár verði sem mest óbreytt að lokinni fyllingu í lónið (gegnumrennsli), nema ef nauðsyn krefur við tveggja tíma slökkvavatnsþörf.

7.7 Umhverfispættir á iðnaðarlóðum

Allur iðnaður á lóðum deiliskipulagsreits skulu uppfylla markmið og ákvæði laga og reglugerða um viðmiðunarmörk mengandi þátta út í umhverfið og fyrirbyggja eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna og umhverfið í heild, s.s. lög 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í starfsleyfum viðkomandi iðnaðarstarfsemi skal gerð grein fyrir öllum þáttum sem geta hlotist af starfsemiinni varðandi svifryk, mengandi lofttegundir, frárennsli frá starfsemi, allir þættir metnir bæði í framleiðslu og starfsemi á lóð.

Hreinsun útblásturs frá mengandi starfsemi skal fylgja ákvæðum reglugerðar 251/2002, um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð, bensen, kolsýring, svífryk og blý í andrúmslofti og styrkur þeirra utan lóðar sé ætíð undir þeim viðmiðunarmörkum þar sem koma fram.

Meðhöndlun og tengingar fráveitu skal framkvæma skv. ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ (789/1999), með síðari breytingum. Einnig skal fráveitukerfi uppfylla ákvæði laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda ásamt reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

Framkvæmda- og rekstraraðilar skulu uppfylla ákvæði laga um hljóðvist. Rekstraaðilar skulu draga úr hávaða frá starfsemi sinni eins og kostur er og tryggja að hávaði frá henni fari skv. ákvæðum laga og reglugerða, s.s. reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða.

Meta skal í hverju tilfelli hvort um að ræða starfsemi eða framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðaukum laga nr. 106/2000 um mat á umhverfishrifum framkvæmda.

7.8 Frágangur lóða.

Frágangur lóða skal vera í samræmi við skipulagsuppdrætti og/eða útgefin mæli- og hæðarblöð, þar sem sýndar eru lagnir, stærðir lóða, lóðamörk, málsettir byggingarreitir og kvaðir ef einhverjar eru s.s. um stíga, aðkomuleiðir og lagnir. Hæðarblöð sýna götu- og gangstéttahæðir við lóðamörk, landhæðir og kóta aðalgatna og kóta aðalgólfa, holræsalagnir og fl.

Gert er ráð fyrir að lóðarhafi geti girt lóð sína. Girðingar eru háðar samþykki byggingaryfirvalda og í samráði við nágranna og skulu þær sýndar á aðaluppdráttum (sjá 7.9). Á aðaluppdráttum skal gera grein fyrir allri lóðarhönnun.

7.9 Hönnun mannvirkja.

Aðaluppdrættir (bygginganefndarteikningar) skulu vera í samræmi við deiliskipulag, hæðar- og mæliblöð svo og gildandi byggingareglugerð og önnur lög og reglugerðir sem við eiga. Leggja skal inn til samþykktar bygginganefndar sveitarfélags heildaruppdrætti af öllum fyrirhuguðum mannvirkjum á viðkomandi lóð.

Á aðaluppdráttum komi fram efnis- og áferðarlýsing þar sem viðkomandi mannvirkjum er lýst, s.s. burðarvirkjum, ytri frágangi, efnis- og litavali. Mannvirki skulu þannig hönnuð að þau falli vel að þeirri ásýnd sem lýst er í skipulagsgögnum og þeim byggingarskilmálum sem settir eru fram við veitingu lóða og skal yfirbragð og efnisáferðir mannvirkja vera í samræmi innan sömu lóðar.

Á aðaluppdráttum komi fram hæðarlega húsa, hæðir mannvirkja, núverandi og fyrirhugaðar landhæðir innan lóðar og helstu hæðarkótar.

Aðaluppdráttum skal fylgja skráningartafla, bæði útprentuð og á stafrænu formi Þjóðskrár, þar sem allar stærðir viðkomandi mannvirkja koma fram.

Á aðaluppdráttum skal tilgreina nýtingarhlutfall af stærð lóðar.

Lóðarhafi skal hlýta öllum fyrirvörum og frestum sem fram eru settir af byggingayfirvöldum sveitarfélags, frá úthlutun lóðar þar til mannvirki og lóð er frágengin.

7.10 Útivistarsvæði og gönguleiðir.

Utan lóða á deiliskipulagsreit, er gert ráð fyrir óbyggðum svæðum og leitast við að forma byggð þannig að útivistarsvæði varðveitist. Þannig er skilið eftir svæði meðfram allri strönd í Bakkakrök og einnig upp með Bakkaá og umhverfis slökkvivatnstjörn austan Þjóðvegjar.

Aðalgöngustígur frá byggðinni á Húsavík er með strönd líkt og gert er ráð fyrir í aðalskipulagi og er hann lagður vestan við væntanlegan iðnaðarveg innan deiliskipulagsreitsins og nær óslitið eftir sjávarbakka Bakkakróks og áfram út á Bakkahöfða og meðfram Kotsvík að Reyðará.

Göngustígur er af aðalstíg niður í fjöru Bakkakróks norðan við mynni Bakkaár, til útivistar í fjöru og strönd. Annar stígur kemur í beinu framhaldi af stíg

frá Bakkahöfða og liggur upp með Bakkaá, að norðanverðu og tengist gangstéttum iðnaðargötu, þar sem gert er ráð fyrir almennum bílastæðum fyrir m.a. þá sem styttri leið að Bakkahöfða. Af stígnum er gengið suður yfir Bakkaá, á gamalli steinbrú.

8. Umhverfisskýrsla

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat áætlanana nr. 105/2006 en samkvæmt 3. gr. laganna gilda ákvæði þeirra um þær skipulagsáætlanir sem marka stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaða starfsemi verður starfrækt á Bakka en eins og fram hefur komið eru uppi áform um kísilmálmverksmiðju á vegum þýska fyrirtækisins PCC SE.

Matsferli fyrir fyrirhugaða starfsemi PCC SE er lokið, en einnig hefur verið lagt mat á áhrif háspennulína að svæðinu og álvers Alcoa, sem áform voru uppi um að myndi rísa á svæðinu. Jafnframt hefur farið fram sameiginlegt mat áhrifa álvers, háspennulína og jarðhitavirkjana á norðausturlandi.

Mat á áhrifum þeirra framkvæmda sem starfræktar verða innan deiliskipulags eru á hendi framkvæmdaaðila og fara í viðeigandi farveg. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum fyrir Kísilmálmverksmiðju PCC SE á Bakka liggur fyrir (3.7.2012).

Í Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 er mörkuð stefna um stóriðju. Upphaflega var gert ráð fyrir einu stóriðjuveri en forsendur hafa breyst þannig að stefnt er að uppbyggingu fleiri, en smærri stóriðjuaðila. Áformað er að svæðið byggist upp í nokkrum áföngum og er þetta deiliskipulag fyrsti áfangi þeirrar vinnu.

Iðnaðarsvæðið er afmarkað í aðalskipulaginu og er í þessu deiliskipulagi mótaður skipulagsrammi utan um þær framkvæmdir og starfsemi sem fyrirhugað er að ráðast í á svæðinu á næstu misserum, sbr. umfjöllun í kafla 2.

Í þessari umhverfisskýrslu er greint frá mati á áhrifum deiliskipulagsins í samræmi við hlutverk þess og er byggt á fyrirliggjandi upplýsingum. Vísað er til umfjöllunar um fyrirliggjandi stefnu og tengsl við aðrar áætlanir í kafla 3 og staðhætti og umhverfisaðstæður í kafla 4. Í kafla 4 er jafnframt greint frá umhverfisverndarmarkmiðum sem gilda á svæðinu. Umhverfisskýrslan er hluti af skipulagsgreinargerð og er kynnt sem hluti skipulagsgagna, sjá umfjöllun um kynningu, samráð og afgreiðslu (í kafla 9).

8.1 Vinnulag

Skipulags- og byggingafulltrúi Norðurlands ásamt teymi frá Mannvit hf. unnu umhverfismat samhliða stefnumótun.

Gerð var grein fyrir umfangi og aðferð við mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins í lýsingu verk-efnisins sem samþykkt var í bæjarstjórn 20.11.2012. Lýsingin var send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til kynningar og samráðs.

Talið var að eftirfarandi umhverfisþættir gætu orðið fyrir áhrifum vegna útfærslu deiliskipulagsins og var lagt mat á hvort áhrif væru talin jákvæð, neikvæð eða óveruleg á viðkomandi umhverfisþátt.

- Ásýnd, þar sem ný mannvirki breyta ásýnd.
- Fornleifar, þar sem þekktar fornleifar eru á svæðinu.
- Verndarsvæði, þar sem votlendi og svæði á náttúruminjasrá eru á Bakka.
- Útivist, þar sem skipulag iðnaðarsvæðis mun geta haft áhrif á gönguleiðir meðfram ströndinni.
- Atvinnulíf, þar sem starfsemi á iðnaðarsvæðinu mun skapa störf.
- Loft; þar sem útblástur kísilmálmverksmiðju mun innihalda mengunarefni og svifryk.
- Grunnvatn og sjór; þar sem uppbygging iðnaðarsvæðis kallar á fráveitu vatns og skólps. Einnig er hætta á að mengunarefni frá atvinnustarfsemi geti valdið mengun á grunnvatni eða sjó.
- Lífríki Bakkaár vegna stíflu og tjarnar.

Tafla 1. Viðmið sem horft var til við umhverfismat deiliskipulagsins.

Aðalskipulag Norðurlþings	Markmið í kafla 7. Uppbygging iðnaðar- og athafnasvæðis á Bakka við Húsavík.
	Kafla 21.1.5. Svæði sem eru verðmæt á svæðisvísu. Bakkahöfði og fjara. Sérstakar klettamyndanir, lífríkar fjörur og sker skulu njóta sérstakrar verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þeirra skaðist ekki og að áfram verði hægt að upplifa fegurð þeirra og fjölbreytni.
	Kafla 24.3.10. Þéttleiki byggðar á atvinnusvæðum skal taka mið af einkennum núverandi svæða og falla vel að þeim.
	Skipulagsákvæði í kafla 24.3.10. Við gerð deiliskipulags skal þess gætt að ekki sé byggt nær sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram honum og tryggja skal aðgengi almennings að náttúruminjasvæði á Bakkahöfða.
Lög um náttúruvernd	35. gr.. Við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.
	37.gr.. Eftirtaldar jarðmyndanir og vistgerðir njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: C. Mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri.
Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir	Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi.
Lög um menningarminjar	Markmið: Að tryggja eftir fongum varðveislu menningasögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins.
Náttúruminjaskrá.	Aðrar náttúruminjar. Bakkafjara og Bakkahöfði, Húsavík. (1) Höfðinn ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi. (2) Sérkennilega rofnir sjávarklettur og nafir (berggangar) fram undan höfðanum. Lífríkar fjörur og sker.

Við mat á áhrifum var litið til fyrirbyggjandi stefnu Aðalskipulags Norðurlþings 2010-2030, verndarákvæða samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og Laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í töflu 1 eru tilgreind þau viðmið sem horft var til við matið.

8.2 Mat á umhverfisáhrifum

Uppbygging iðnaðarsvæðis á Bakka getur haft neikvæð áhrif á útivistarmöguleika, ásýnd og verndarsvæði, auk þess sem fornleifar eru í hættu vegna framkvæmda. Starfsemi á iðnaðarsvæðum getur valdið mengun og stífla og tjörn í Bakkaá geta valdið áhrifum á lífríki árinna og næsta nágrennis.

Eins og greint er frá í kafla 2 var við útfærslu skipulagsins leitast við að draga úr neikvæðum

áhrifum með því að huga að eftirfarandi þáttum við staðsetningu lóða og byggingareita:

- Varðveita helstu útivistarsvæði, útsýnislínur og gönguleiðir.
- Fresta skipulagi austan þjóðveggar og þar sem helstu fornleifar eru órannsakaðar.

Hér á eftir er greint frá áhrifum á þá umhverfisþætti sem talið er að framfylgd skipulagsins geti haft áhrif á. Áhrif einstakra framkvæmda eru metin í mati á umhverfisáhrifum sem er á ábyrgð framkvæmda aðila og munu leyfisveitingar til framkvæmda og reksturs m.a. byggja á niðurstöðu þess.

Atvinnulíf: Deiliskipulagið er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins sem sett er fram í gildandi aðalskipulagi um að á Bakka verði staðsett iðnaðarsvæði með starfsemi sem nýtir orku úr héraðinu. Í aðalskipulaginu er gengið út frá því að

það muni leiða til vaxtar í iðngreinum og þjónustugreinum einkum á Húsavík.

Samkvæmt matsskýrslu PCC SE er áætlað að kísilmálmverksmiðja muni skapa um 150 framtíðarstörf auk starfa sem verða til vegna kaupa á þjónustu og orku. Einnig geta skapast störf vegna starfsemi á öðrum lóðum innan skipulagsreitsins.

Það er því metið að áhrif á atvinnulíf verði jákvæð.

Ásýnd: Mótudið hefur verið stefna um uppbyggingu iðnaðarsvæðis á Bakka en með uppbyggingu iðnaðarsvæðis breytist ásýnd svæðisins. Samkvæmt aðalskipulagi skal taka mið af einkennum núverandi svæða og að fyrirhuguð uppbygging falli vel að þeim og er það í samræmi við 35. gr. laga um náttúruvernd.

Talið er að uppbygging iðnaðarsvæðis með m.a. verksmiðjustarfsemi muni breyta ásýnd svæðis mikið frá því sem nú er og áhrif því talin neikvæð.

Dregið er úr neikvæðum áhrifum við útfærslu skipulagsins með eftirfarandi aðgerðum:

- Eingöngu tengivirki austan þjóðvegjar.
- Skipuleggja svæðið í áföngum til að takmarka dreifingu mannvirkja innan reitsins.
- Byggingamagn syðst á lóð PPC SE er takmarkað til að varðveita útsýnislínur af Gónhóli.

Fornleifar: Það er markmið laga um menningarminjar að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Fram kemur í kafla 4.4 að fjöldi fornleifa sem eru innan byggingareita deiliskipulagsins. Áætlað er að tími gefist til fullnaðarrannsókna fyrir afhendingu lóða.

Þar sem ekki verður komist hjá raski fornleifa við uppbyggingu iðnaðarsvæðisins eru áhrif á fornleifar talin neikvæð.

Útivist: Í aðalskipulagi er sett fram ákvæði um að ekki skuli hindra leið fótgangandi meðfram sjó og tryggja aðgengi að Bakkahöfða.

Svæðið á Bakka er nýtt sem bithagi og til óformlegrar útivistar. Á svæði deiliskipulagsins eru göngu-/reiðleiðir sem munu að hluta til hverfa með uppbyggingu iðnaðarstarfseminnar.

Eins og fram kemur í kafla 7.5 er gert ráð fyrir göngustíg nær óslitið eftir sjávarbakka Bakkakróks og áfram út með Bakkahöfða. Einnig er utan lóða á deiliskipulagsreit, gert ráð fyrir óbyggðum svæðum og leitast við að forma byggð þannig að útivistarsvæði varðveitist. Þannig er skilið eftir svæði meðfram allri strönd í Bakkakrók og einnig upp með Bakkaá. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að reiðleið um þetta svæði færist austur fyrir iðnaðarsvæði I-1 og því ekki gerð breyting á þeirri áætlun.

Deiliskipulagið er því í samræmi við ákvæði aðalskipulags og talið hafa óveruleg áhrif á útivist þar sem gert er ráð fyrir göngustíg meðfram ströndinni.

Verndarsvæði: Bakkafjara og Bakkahöfði ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi eru á náttúruminjasrá. Umfang þessa svæðis er merkt inn á deiliskipulagsuppdráttinn í samræmi við afmörkun í aðalskipulagi. Áhrif deiliskipulags á svæði á náttúruminjasrá eru talin óveruleg þar sem deiliskipulagsreiturinn nær ekki inn á verndarsvæðið.

Í kafla 4.3 er greint frá því að votlendi á iðnaðarsvæði við Bakka fellur utan deiliskipulagsreits sem mörkuð er stefna um á þessu stigi. Áhrif vegna samþykktar þessarar áætlunar á votlendi sem nýtur verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd eru því talin óveruleg.

Loftgæði: Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 er að búa landsmönnum heilnæm skilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Atvinnustarfsemi sem getur haft í för með sér mengun skal hafa gilt

starfsleyfi þar sem m.a. er kveðið á um losun mengunarefna, mengunarvarnir og vöktun áhrifa.

Í matsskýrslu um kísilmálmverksmiðju PCC SE á Bakka er greint frá útblæstri svífryks og annarra mengunarefna frá verksmiðjunni. Einnig er greint frá útreikningum og mati á vægi áhrifa í ljósi gildandi viðmiðunarmarka.

Miðað við ómenguð loftgæði á Bakka fyrir gildistöku þessa deiliskipulags er talið að áhrif á loftgæði verði neikvæð vegna útblásturs svífryks og mengunarefna frá fyrirhugaðri starfsemi. Í matsskýrslu PCC SE kemur fram að útblástur verður hreinsaður og er vægi áhrifanna metið óverulegt miðað við niðurstöður útreikninga og viðmiðunarmörk reglugerða.

Þar sem ekki liggur fyrir mat á áhrifum fyrirhugaðrar kísilmálmverksmiðju er óvissa um áhrif á loftgæði vegna framfylgdar þess deiliskipulagsreits sem nú er til umfjöllunar.

Þar sem möguleiki er á að fleiri aðilar muni hefja starfsemi á Bakka sem getur leitt af sér mengun er æskilegt að við mat á áhrifum þeirra framkvæmda sem á eftir koma verði lagt mat á samlegðaráhrif á loftgæði vegna starfsemi á iðnaðarsvæði á Bakka.

Grunnvatn og sjór: Það er markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.

Í kafla 5 er fjallað um fráveitu frá iðnaðarsvæðinu og í kafla 7 er fjallað um fyrirhugaða skólphreinsistöð.

Við hönnun slíkra kerfa þarf að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Í matsskýrslu PCC SE er ekki lagt mat á áhrif á grunnvatn og sjó þar sem ekki er um að ræða losun mengandi efna í frárennsli. Metin eru áhrif á haf- og strandsvæði á valkost um sjókælingu. Talið er að sjókæling muni hafa talsverð neikvæð áhrif á takmörkuðu svæði við Bakkafjöru. Aðrir þættir kísilmálmverksmiðjunnar muni ekki hafa áhrif á haf- og strandsvæði.

Tekið er á fráveitu og hugsanlegri mengun frá iðnaðarstarfsemi í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og starfsleyfisskilyrðum.

Það er því talið að áhrif deiliskipulagsins hafi óveruleg áhrif á grunnvatn og sjó. En ef valið verður að notast við sjókælingu verði að setja ákvæði um mótvægisáðferðir og vöktun í starfsleyfisskilyrði.

Lífriki Bakkaár: Náttúrustofa Norðausturlands (NNA) kannaði fyrirhugað lónstæði og yfirfor fyrirbyggjandi gögn um lífríki Bakkaár. Talið er að stífla og lón geti mögulega skert hrygningarsvæði bleikju en það liggja ekki fyrir upplýsingar um hrygningar á þessu svæði. Ekki er um að ræða langan kafla þar sem fossar ofar eru ófiskgengir.

Gróður mun fara undir lón en ekki er um að ræða ríkulegan gróður og ólíklegt að sjaldgæfar tegundir fari undir lónið.

Ekki er talið að lónið muni hafa neikvæð áhrif á fuglalíf. Lónið gæti hugsanlega dregið að fleiri fuglategundir þegar fram í sækir enda verið að gera nýtt búsvæði (tjörn).

Verði af fyrirhugaðri framkvæmd er mikilvægt að halda í náttúruleg renniseinkenni Bakkaár þ.e. halda rennsli sem jöfnustu. Það ætti að vera auðvelt ef hlutverk lónsins er einungis til öryggisráðstafana.

Byggt á úttekt NNA er talið að áhrif á lífríki Bakkaár verði óveruleg.

8.3 Niðurstaða

Í töflu 2 er greint frá niðurstöðu umhverfismats áætlunarinnar og hvernig dregið var úr neikvæðum áhrifum við útfærslu deiliskipulagsins.

Talið er að áhrif á loftgæði frá þeirri starfsemi sem mun verða starfrækt á svæðinu verði neikvæð en í mati á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda er gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum og vægi áhrifa. Í starfsleyfi verða sett skilyrði um mengunarvarnir. Þar sem nú er lagt upp með að á Bakka geti verið fleiri en ein verksmiðja er talið æskilegt að þegar

lagt verður mat á áhrif nýrra framkvæmda að fram loftmengunar.
fari mat á samlegðaráhrifum vegna hugsanlegrar

Tafla 2. Niðurstaða umhverfismats deiliskipulagsins.

Umhverfisþáttur	Einkenni áhrifa	Lýsing áhrifa og hvernig dregið er úr neikvæðum áhrifum
Atvinnulíf	Jákvæð	Uppbygging iðnaðarsvæðis getur skapað ný störf og er það í samræmi við stefnu aðalskipulags um iðnaðarstarfsemi á Bakka.
Ásýnd	Neikvæð	Ásýnd mun breytast verulega frá því sem nú er. Dregið er úr áhrifum með því að halda mannvirkjum nær eingöngu vestan þjóðveggar, setja flutningslínur raforku í jörð, skipuleggja í áföngum til að vinna gegn dreifingu iðnaðarbyggðar og takmarka byggingamagn syðst á svæðinu til að varðveita sjónlínur.
Fornleifar	Neikvæð	Fornleifar munu raskast við uppbyggingu iðnaðarsvæðisins. Áætlað er að fullnaðarrannsóknum verði lokið við afhendingu lóða.
Lífriki Bakkaár	Óveruleg	Ekki er um að ræða ríkulegan gróður og er talið að sjaldgæfar tegundir muni ekki fara undir lón. Hrygningarsvæði bleikju gæti skerst en ekki eru til upplýsingar um hrygningu á þessu svæði. Áhrif eru talin óveruleg á þær fuglategundir sem eru til staðar en lónið gæti dregið að fleiri fuglategundir.
Loftgæði	Neikvæð	Talið er að framfylgd deiliskipulagsins muni hafa neikvæð áhrif á loftgæði við Bakka vegna vegna útblásturs svifryks og mengunarefna. Í frummatsskýrslu PCC SE kemur fram að útblástur verður hreinsaður og vægi áhrifa metin óveruleg í ljósi fyrirliggjandi útreikninga og viðmiðunarmarka. Þar sem möguleiki er á að fleiri aðilar muni hefja starfsemi á Bakka sem getur leitt af sér loftmengun er æskilegt að við mat á áhrifum þeirra framkvæmda verði lagt mat á samlegðaráhrif á loftgæði.
Útivist	Óveruleg	Gert er ráð fyrir göngustíg meðfram ströndinni eins og kveðið er á um í aðalskipulagi. Einnig er utan lóða á deiliskipulagsreit, gert ráð fyrir óbyggðum svæðum og leitast við að forma byggð þannig að útivistarsvæði varðveitist.
Verndarsvæði	Óveruleg	Vottlendi sem nýtur verndar og svæði á náttúruminjaskrá, Bakkafjara og Bakkahöfði eru utan deiliskipulagsreits.
Vatn/sjór	Óveruleg	Við hönnun fráveitukerfa þarf að uppfylla ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp. Tekið er á fráveitu og hugsanlegri mengun frá iðnaðarstarfsemi í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og starfsleyfisskýrðum. Það er því talið að áhrif deiliskipulagsins hafi óveruleg áhrif á grunnvatn og sjó.

8.4 Vöktun

Ýmis vöktun mun eiga sér stað verði af uppbyggingu á deiliskipulagsreitnum.

Starfsemi PCC SE er háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda ásamt því að vera starfsleyfisskyld og verða þar sett fram skilyrði um vöktun áhrifa af starfseminni sem er á ábyrgð fyrirtækisins.

Eftirlit með atvinnurekstri sem er starfsleyfisskyldur vegna hættu á mengun er á hendi heilbrigðiseftirlits og Umhverfisstofnunar.

Í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 er mörkuð stefna um flutning raforku frá jarðhitasvæðum í Þingeyjarsýslum að iðnaðarsvæði við Bakka. Í áætluninni eru sett fram áform um vöktun áhrifa á samfélag verði af þeim framkvæmdum sem þar er mörkuð stefna um.

Það er mat sveitarstjórnar að ekki sé þörf á sérstakri vöktun vegna deiliskipulagsins umfram þá vöktun sem ákvæði verða um við leyfisveitingar vegna framkvæmda og reksturs sem verður tilkomin vegna skipulagsins.

9. Kynning samráð og afgreiðsla

9.1 Kynningarfundur.

Haldinn var almennur kynningarfundur, þann 9. mars 2013, þar sem áform 1. áfanga deiliskipulagsins á Bakka voru kynnt.

9.2 Samráðs og umsagnaraðilar

Samráðs og umsagna við þennan 1. áfanga deiliskipulagstillögunnar var leitað til stofnana og umsagnaraðila, sem eru:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Fornleifavernd ríkisins
- Heilbrigðiseftirlit NE,
- Sveitastjórn Tjörneshrepps
- Landsnet,
- Vegagerðin
- Rarik og
- Orkuveita Húsavíkur.

Þann 22. nóvember 2012, var deiliskipulagslýsing send til umsagnar ofangreindra aðila.

Umsagnaraðilar setja fram umsagnir sínar um öll gögn deiliskipulagstillögunnar, sem eru:

- Skipulagslýsing. Lokið.
- Tillaga að deiliskipulagi: Uppdráttur og greinargerð ásamt umhverfisskýrslu. Lokið.

9.3 Umsagnir og athugasemdir – Lýsing skipulagsáætla.

Á 99. fundi skipulags- og bygginganefndar, í lok umsagnaferils skipulagslýsingar voru teknar fyrir tvær umsagnir með athugasemdum:

- Frá Fornleifavernd ríkisins, um að setja inn allar skráðar fornleifar á uppdrátt og horfa til gerðra skýrslna þar um. Það er gert.
- Frá Landsneti, um að færa spennivirki til norðurs til samræmis við fyrri hugmynda þeirra. Það er gert.

Umhverfisstofnun sendi svo jákvæða umsögn, án athugasemda.

Skipulagsstofnun sendi umsögn í bréfi dags. 18. desember 2012. Þar kom fram skoðun um að tilefni sé til að bregðast við breyttum skipulagsforsendum iðnaðarsvæðisins á aðalskipulagsstigi. Í stað skýringaruppdráttar deiliskipulagstillögunnar er lagt til að unninn verði „*rammahluti aðalskipulags*“. Ekki hefur verið brugðist við þessu atriði og deiliskipulagstillagan áfram sett fram með skýringarmynd, sem sýnir virkni deiliskipulagsreitsins við aðra hluta iðnaðarsvæðisins.

Jafnframt þessu lagði Skipulagsstofnun fram mat á að áætluð umfjöllunaratriði séu ónóg í umfangi og áherslum, eins og þau eru fram sett í skipulagslýsingunni. Við því hefur verið brugðist.

9.4 Umsagnir og athugasemdir – Tillaga að deiliskipulagi, 1. áfangi.

Á 23. fundi bæjarstjórnar Norðurþings sem haldinn var 22. mars 2013 var samþykkt tillaga frá 102. fundi Skipulags- og bygginganefndar um að auglýst yrði tillagan „Deiliskipulag á Bakka - 1. áfangi“ skv. ákvæðum 41 gr. skipulagslaga. Í kjölfar samþykktar var framangreindum umsagnaraðilum send gögn tillögunnar til umsagnar. Þrjár umsagnir bárust Norðurþingi, frá Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands og Skipulagsstofnun og síðan bréf frá ábúendum/eigendum á Héðinshöfða, bújörð sem liggur upp að sveitarfélagsmörkum Norðurþings og Tjörneshrepps, en iðnaðarsvæðið (I-1) liggur upp að þessum sömu sveitarfélagsmörkum um Reyðará.

Tafla 3. Umsagnir við auglýsta deiliskipulagstillögu.

Umsagnaraðili	Umsagnir	Viðbrögð
Umhverfisstofnun / 15. maí 2013.	1) Tillaga talin ítarleg „og að þar sé fjallað um alla þætti sem máli skipta“. Því eru engar athugasemdir gerðar við skipulagstillöguna.	Umsögn gefur ekki tilefni til viðbragða.
Minjastofnun Íslands / 17. maí 2013	2) Gerir ekki athugasemdir en telur að fara verði í umfangsmiklar rannsóknir á þeim minjum sem eru í hættu, en búið er að gera 6 fornleifaskráningar á iðnaðarsvæðinu öllu. Minnt er á að óleyfilegt sé að veita framkvæmdaleyfi, fyrr en ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir og vísað í lagagrein þar um.	Umsögn gefur ekki tilefni til viðbragða við deiliskipulagstillögunni. Minnt er á nauðsyn góðrar samvinnu, þannig að ekki komi til tafa framkvæmda af þessari ástæðu.
Skipulagsstofnun / 8. maí 2013, um: umhverfisskýrslu.	3.1) Telur að ekki sé fjallað um möguleg umhverfisáhrif áforma af byggingu stíflu í farvegi Bakkaár og uppistöðulóns. Meta þurfi áhrif stíflu og uppistöðulóns á vatnafar og lífríki.	Áherslur eru í samræmi við verklýsingu og umsögn Skipulags-stofnunar frá desember 2012. Í ljósi ábendingar stofnunarinnar var óskað eftir umsögn Náttúrustofu Norðausturlands um líkleg áhrif stíflu og slökkvivatnstjarnar á vatnafar og lífríki og eru niðurstöður í kafla 8.2.
	3.2) Telur að ekki séu settir skýrir og bindandi skipulagsskilmálar um hreinsun útblásturs í deiliskipulagstillöguna og niðurstaða umhverfisskýrslu því ekki byggð á skilmálum í greinargerð. Minnt á að deiliskipulag sé grundvöllur leyfisveitinga.	Sömu atriði og fram koma í pkt. 3.6, sjá þar um viðbrögð.
	3.3) Telur að í greinargerð sé ekki tekið á málum er varðar bindandi skipulagsskilmála um fyrirkomulag fráveitu og mengun frá fyrirhugaðri iðnaðarstarfsemi	Sömu atriði og fram koma í pkt. 3.6, sjá þar um viðbrögð.
Skipulagsstofnun / 8. maí 2013, um: tillögu að Deiliskipulagi.	3.4) Telur að að marka þurfi stefnu fyrir það 7 ha svæði innan deiliskipulagsreitsins, þar sem í tillögu er gert ráð fyrir að skipulagi sé frestað (mestur þéttleiki fornminja).	Á umræddum reit er skipulögð 5,5 ha iðnaðarlóð, lóð-E, sjá lið 7.5. Sérstakur fyrirvari er gerður um ráðstöfun lóðarinnar þar sem á henni er mikið um skráðar fornminjar.
	3.5) Telur að setja þurfi skilmála fyrir mannvirkjum við öflun slökkvivatns, með stíflu og tjörn.	Í nýjum lið 7.6 Slökkvivatnstjörn, er lýst minna umfangi og skilmálum tjarnar og jarðvegsstíflu.
	3.6) Telur að setja þurfi skilmála um mengunarvarnir á iðnaðarlóðum s.s. um hreinsun útblásturs og fráveitumál.	Bætt er við skipulagsskilyrði við ýtarlegan texta fráveitumála lið „5.3 Fráveita“. Nýr liður „7.7 Umhverfisþættir á iðnaðarlóðum“ með skilyrðum um aðra umhverfisþætti.
Skipulagsstofnun / 8. maí 2013, um: tillöguuppdrátt:	3.7) Kvartar yfir að ekki séu skilgreind viðmið nýtingarhlutfalls (af byggingareit eða lóð)	Í skýringar á uppdrætti F02 og í greinargerð er gerð grein fyrir að nýtingarhlutfall skal reikna út frá stærð lóðar.
	3.8) Lína sem sýnir afmörkun iðnaðarsvæðis í aðalskipulagi komi ekki fram að hluta til, austan þjóðvegjar. 3.9) Umfjöllun er um jarðstrengi í greinargerð en þeir ekki merktir inn á deiliskipulagsuppdrátt.	Umrædd lína er gerð sýnileg á uppdrætti F02, á umræddu kafla. Á sama uppdrætti er gerð grein fyrir jarðstrengjum frá spennivirki að iðnaðarlóðum vestan þjóðvegjar. Tákn-

	3.10) Kvartað yfir notkun mismunandi hugtaka og lita til að skilgreina notkunarflokka á deiliskipulagi og aðalskipulagi og hún ekki æskileg.	um bætt í skýringartexta. 3.10) Skilgreiningu (græns litar) breytt í: „Opin svæði til sérstakra nota“
--	--	--

Tafla 4. Athugasemdir við auglýsta deiliskipulagstillögu.

Athugas.aðili	Athugasemdir	Viðbrögð
<p>Athugasemdabréf frá Erlu Bjarnadóttur, Kjartani Traustasyni, Héðni Jónassyni, Sigríði Hrönn Lárusdóttur, Katý Bjarnadóttur og Sigrúnu Ingvarsdóttur á Héðinshöfða / dags. 16. maí 2013</p>	<p>4.1) Athugasemd er gerð við texta í aðalskipulagi varðandi: „að varðveita útsýni til fjalla“. Jafnframt spurt til hvaða fjalla.</p> <p>4.2) Bent er á að tillaga að svæði undir steypustöð austan Þjóðveggar og norðan Bakkár sé í mótsögn við umfjöllun deiliskipulagstillögu um að varðveita útsýni til fjalla.</p> <p>4.3) Óskað er eftir nánari skýringum á hvar ætlað er að taka neysluvatn til að nota á iðnaðarsvæðinu.</p> <p>4.4) Gerð er krafa um að könnuð verði áhrif sjónmengunar, hljóðstígs, ljós- og rykmengunar sem íbúar á Héðinshöfða muni verða fyrir á uppbyggingartíma og við rekstur fyrirhugaðra mannvirkja. Farið er fram á að mælingar þar að lútandi hefjist nú þegar svo hægt verði að nýta til samamburðar á síðari stigum.</p> <p>4.5) Bent er á að hvergi sé í skipulagstillögunni umfjöllun um hvaða áhrif stóriðja PCC muni hafa á landbúnað og lífsgæði á Héðinshöfða.</p> <p>4.6) Spurt er hvaða veðurfarsrannsóknir liggja til grundvallar mengunarútreikninga frá stóriðju á Bakka. Minnt er á að veðurathuganir hafi ekki verið gerðar á Bakka frá 2010 og veðurstöð á hafnarsvæði Húsavíkur hafi verið óvirk í langan tíma. Þess er krafist að veðurathugunarstöðvar á Bakka og í Húsavíkurhöfn verði endurvirkjaðar nú þegar.</p> <p>4.7) Spurt er um útblástur vinnuvéla og faratækja á framkvæmdatíma og rekstrartíma stóriðju á Bakka. Hver verða mengunaráhrif á</p>	<p>4.1) Í deiliskipulagi er þessu orðalagi breytt þannig að talað er um að varðveita „sem mest óbreytta ásynd lands í austurátt“, frá Þjóðvegi.</p> <p>4.2) Engin umfjöllun er um lóð fyrir steypustöð í deiliskipulagstillögunni og henni því óviðkomandi.</p> <p>Í greinargerð tillögunnar er gerð grein fyrir hugsanlegum vatnsbólum, þ.e. í Bakkaá, Reyðará og Köldukvísl. Af gefnu tilefni skal þess getið að öll vatnsból eru innan marka Norðurþings.</p> <p>Þó svo að slökkvivatni sé safnað fyrir í lón í Bakkaá, þá er um að ræða beint gegnumrennsli.</p> <p>4.4-4.9) Þó svo að ein ástæða þess að farið er af stað með fyrsta áfanga deiliskipulagsvinnu á Iðnaðarsvæði I-1 sé áætlanir um byggingu kísilmálmverksmiðju syðst á svæðinu, þá er það í raun ekki bundið í deiliskipulag að sú starfsemi verði á þeirri lóð. Í raun er verið að útbúa lóð fyrir stóriðju, þó þannig að í samvinnu við áhugasaman aðila komist hans hugmyndir fyrir á þessari lóð.</p> <p>Í deiliskipulagi er verið að útfæra áætlanir aðalskipulags og í því eru sett ýmis skilyrði varðandi byggingatæknileg atriði s.s. stærðir, magn, útlínur og útlit og einnig bent á skilyrði sem aðilar þurfa að uppfylla þannig að lóðarhöfum er ekki frjálst að spilla, menga eða lýta land og umhverfi. Til þess höfum við lög og reglugerðir sem aðilar þurfa að lúta. Ytri mörk mengandi þátta er í flestum tilfellum miðuð við lóðamörk þannig að möguleikum nærliggjandi búsetu sé ekki spillt, hvort sem um er að ræða íbúðarbyggð á Húsavík eða landbúnað á Héðinshöfða. Í gildandi Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 er 201 ha svæði merkt</p>

	<p>íbúabyggð, ræktun lands og landbúnaðar á Héðinshöfða. Gerð er krafa um að tekið verði tillit til þeirra áhrifa við fyrirhugaðar framkvæmdir.</p> <p>4.8) Óskað er eftir ítarlegum upplýsingum um áhrif sambærilegrar verksmiðu í fullum rekstri og þeirrar sem PCC hyggst reisa á Bakka á íbúa, landbúnað, gróður og dýralíf.</p> <p>4.9) Gerð er krafa um að staðfest verði af fulltrúum Norðurþings og eigendum PCC að með tilkomu kísilmálmverksmiðu PCC á Bakka verði lífsgæðum íbúa og landeigenda á Héðinshöfða ekki skert. Ræktun, landbúnaður og lífríki á Héðinshöfða skerðist ekki og verðgildi fasteigna og annarra mannvirkja rýrni ekki á uppbyggingartíma né við rekstur..</p>	<p>sem iðnaðarsvæði og þar tekið fram að áætluð sé stórfelld uppbygging á svæðinu, með byggingu álvers sem höfuðforsendu.</p> <p>Í þessum 1. áfanga eru áætlanir minni og deiliskipulagt á syðsta þriðjungi svæðisins, í ríflega kílómetra fjarlægð frá Héðinshöfða, og í 240 m fjarlægð frá nyrstu mörkum iðnaðarsvæðis I-1.</p> <p>Samkvæmt lögum þarf að meta áhrif skipulagsáætlana á umhverfið og í þessari tillögu er skrifuð umhverfisskýrsla (kafli 8), þar sem flestir af tilgreindum umhverfisþáttum eru metnir. Að auki er mörg iðnaðarstarfsemi háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Slíkt er metið í hverju tilfelli fyrir sig og fór starfsemi kísilmálmverksmiðu á iðnaðarsvæðinu á Bakka í slíkt matsferli. Í matinu er tekið á öllum þáttum starfseminnar, bæði jákvæðum og neikvæðum og gerðar ráðstafanir til þess að lög og reglugerðir séu uppfylltar. Komi til þess að slíkur aðili vilji og fái að hefja framkvæmdir, er útbúið framkvæmdaleyfi og síðar starfsleyfi, þar sem á öllum þessum þáttum er tekið. Þannig á að tryggja að löggjöf haldi.</p>
--	---	---

10. Gildistaka.

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn

Norðurþings þann:

Deiliskipulagstillaga var auglýst frá til

Auglýsing um samþykkt deiliskiplag birtist í B-deild Stjórnartíðinda þann:

.....
Bæjarstjóri Norðurþings

Deiliskipulagið er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir það ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

11. Heimildir.

Alta, 2010. Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030,

Efla verkfræðistofa, 2013. Kísilmálmverksmiðja á Bakka við Húsavík með allt að 66 þúsund tonna framleiðslugetu. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla.

Efla verkfræðistofa, 2011. Kísilmálmverksmiðja á Bakka við Húsavík með allt að 66 þúsund tonna framleiðslugetu. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun.

Fornleifafræðistofan, 2012. Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar kísilmálmverksmiðju á Bakka á Húsavík, S-Pingeyjarsýslu.

Fornleifastofnun Íslands, 2007. FS359-07191, Uggi Ævarsson: „Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs álvers við Bakkahöfða“.

Fornleifastofnun Íslands, 2007. FS360-07192, Uggi Ævarsson: „Fornleifaskráning vegna vegarstæðis frá Húsavík að Bakkahöfða“.

Fornleifastofnun Íslands, 2012. FS503-12042, Oddgeir Ísaksen: „Fornleifauppgröftur á Bakka á Tjörnesi 2012“.

Fornleifastofnun Íslands 2012. FS489-12041, Oddgeir Ísaksen: „Tvær byggingarlóðir og vegstæði á Bakka á Tjörnesi. Fornleifakönnun 2012“

Fornleifavernd ríkisins, Akureyri, 2012. Tölvupóstar varðandi umfang og hnitun skráðra forleifa á svæðinu: Sigurður Bergsteinsson, fornminjavörður NE.

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

Mannvit, 2012. Deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæðið á Bakka Húsavík, Norðurþingi, Lýsing á skipulagsverkefni / tillaga 02a.

Mannvit, 2012. Fundargerðir hönnunarfunda með skipulags- og byggingafulltrúa Norðurþings og framkvæmdastjóra Orkuveitu Húsavíkur.

Náttúrustofa Norðausturlands, 2013: Minnisblað, Þorkell Lindberg Þórarinnsson: „Áhrif fyrirhugaðrar stíflu og lóns í Bakkaá á lífríki.“

Náttúruverndarráð, 1997. Náttúruminjaskrá. 6. útgáfa.

Norðurþing, 2012-13. Fundargerðir skipulags- og bygginganefndar, ásamt fundargerðum bæjarstjórnar Norðurþings.

PCC-SE, 2012. Uppdráttur 2012-0926 10669940_1002334958B5 (Lóðaruppdráttur sem sýnir afstöðu húsa og gatna innan lóðar).

Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Pingeyjarsýslum. Svæðisskipulag háhitasvæða í Pingeyjarsýslum 2007-2025.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Skipulagsstofnun, 2012. Breytingar á legu Þeistareykjalínu og Hólasandslínu við Bakka – Færsla á tengivirki. Ákvörðun um matsskyldu.

Skipulagsstofnun, 2012. Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags iðnaðarsvæðis á Bakka, fyrsta áfanga, Norðurþingi.

Veidimálastofnun og Náttúrustofa Norðausturlands, 2010: VMST/10003 OG NNA-10001, Jóns S. Ólafsson, Friðþjófur Árnason og Sesselja G Guðmundsdóttir. Bakkaá og Reyðará á Tjörnesi. Úttekt á lífverum og umhverfi þeirra vegna fyrirhugaðs álvers á Bakka.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

12. Viðaukar.

A. Skráðar fornminjar á deiliskipulagsreit.

Deiliskipulag iðnaðarlóða á Bakka, Húsavík						Áfangi 1
Merking pkt.	X-hnit	Y-hnit	Tegund	Hlutverk	Staðsetning	Hættumat
Á og við lóð A – f. kísilmálmverksmiðju						
SP-312:014C	[574.800]	[619.879]	Reiðgata	Leið	A	Stórhætta
SP-312:028	574.867	620.129	Garðlag	Túngarður	A	Stórhætta
SP-312:049	[574.874]	[620.271]			norðan A	Stórhætta
SP-312:050	574.726	619.915	Garðlag	Óþekkt	A	Stórhætta
SP-312:064	574.868	620.034	Dys	Óþekkt	A	Stórhætta
SP-312:065	574.858	620.019	Dys	Óþekkt	A	Stórhætta
SP-312:066	574.907	620.218	Tóft	Óþekkt	norðan A	Stórhætta
SP-312:067	574.929	620.205	Þúst	Óþekkt	norðan A	Stórhætta
SP-312:068	574.787	620.116	Dys	Óþekkt	A	Stórhætta
SP-312:069	574.801	620.025	Dys	Óþekkt	A	Stórhætta
SP-312:070	574.787	620.054	Dys	Óþekkt	A	Stórhætta
SP-312:071	574.773	620.067	Dys	Óþekkt	A	Stórhætta
SP-312:075	574.926	620.129	Varða	Óþekkt	A	Stórhætta
SP-312:076	574.855	620.038	Dys	Óþekkt	A	Stórhætta
SP-313:178	574.680	619.672	Hleðsla	Óþekkt	A	Stórhætta
BE-6:1	574.676	619.671	Þúst	Hestaleiði		sjá 313:178
BE-7:1	574.722	619.908	Gerði	Kálgarður		sjá 312:050
BE-8:1	574.788	620.115	Þúst	Refagildra		sjá 312:068
BE-9:1	574.837	619.604	Þúst	Stoðarhola	sunnan A	Stórhætta

Á og við lóðir B – f. þjónustu- og iðnað						
Merking pkt.	X-hnit	Y-hnit	Tegund	Hlutverk	Staðsetning	Hættumat
SP-312:014D	[575.139]	[620.291]	Reiðgata	Leið	B	Stórhætta
SP-312:018	575.296	620.444			B	Stórhætta
SP-312:040	[575.110]	[620.376]	Garðlag	Áveita	B	Stórhætta

Á og við lóð E – iðnaðarlóð og upp með Bakkaá						
Merking pkt.	X-hnit	Y-hnit	Tegund	Hlutverk	Staðsetning	Hættumat
SP-312:001	574.952	620.328	Bakki/bæjarhöll	Bústaður	sunnan E	Stórhætta
SP-312:002	574.930	620.302	Heimild	Skemma	sunnan E	Hætta
SP-312:003	575.08862	620.403	Gerðishús/heimild	Fjánhús	E	Stórhætta
SP-312:004	574.908	620.383	Heimild	Útihús	sunnan E	Stórhætta
SP-312:010	574.999	620.327	Frásögn	Fjós	sunnan E	Stórhætta
SP-312:017	575.072	620.305	Jónshús/Heimild	Fjánhús	E	Stórhætta
SP-312:024	574.904	620.297	Heimild	Skemma	sunnan E	Stórhætta
SP-312:026	574.999	620.301	Heimild	Skemma	sunnan E	Stórhætta
SP-312:027	574.990	620.360	Heimild	Hjallur	EÓ	Stórhætta
SP-312:040	575.010	620.562	Garðlag	Áveita	EÓ	Stórhætta
SP-312:041	[575.084]	[620.539]	Þúst		EÓ	Stórhætta
SP-312:042	[575.026]	[620.420]	Dys	Legstaður	EÓ	Stórhætta
SP-312:044	575.211	620.418	Garðlag	Óþekkt	E	Stórhætta
SP-312:045	[575.120]	[620.451]	Garðlag	Óþekkt	E	Stórhætta

Skráðar fornminjar á deiliskipulagsreit (frh.)

Deiliskipulag iðnaðarlóða á Bakka, Húsavík						Áfangi 1
Merking pkt.	X-hnit	Y-hnit	Tegund	Hlutverk	Staðsetning	Hættumat

Við lóð D – f. skólphreinsun/-dælingu						
SP-312:007	574.684	620.495	Heimild	Útihús	vestan D	Stórhætta
SP-312:008	574.700	620.464			vestan D	Stórhætta
SP-312:009	574.710	460.470			vestan D	Stórhætta
SP-312:011	574.793	620.414	Gerði	Kirkjugarður	sunnan D	Stórhætta
SP-312:019	574.697	620.532			norðvestan D	Stórhætta
SP-312:035	574.818	620.420	Tóft	Útihús	sunnan D	Stórhætta

Í og við samgönguleiðir						
BE-2:1	574.738	619.380	Fornleið	Fornleið	S	Stórhætta
BE-3:1	574.691	619.415	Þúst	Óþekkt	S	Stórhætta
BE-4:1	574.643	619.464	Rúst	Óþekkt	S	Stórhætta
BE-5:1	574.641	619.543	Gerði	Kálgarður	S	Stórhætta
SP-312:005	574.852	620.327	Heimild	Útihús	S	Stórhætta
SP-312:006	574.818	620.393	Bakkahús/heimild	Útihús	S	Stórhætta
SP-312:023	574.866	620.358	Heimild	Skemma	S	Stórhætta
SP-312:025	574.788	620.318	Fjárhústóft		S	Stórhætta
SP-312:031	[574.654]	[619.792]	Gata	Leið	S	Stórhætta
SP-312:047	574.888	620.447	Þúst	Óþekkt	S	Stórhætta
SP-312:048	574.851	620.324	Þúst	Óþekkt	S	Stórhætta
SP-312:072	[574.723]	[720.105]			S	Stórhætta
SP-312:094	[574.708]	[620.051]	Fornleið	Fornleið	S	Stórhætta

Skýringar:

Í töflunni eru allar merktar fornleifar innan deiliskipulagsreits skv. skýrslum Fornleifastofnunar: FS489-12041 og FS503-12042 frá 2012, einnig FS359-07191 og FS360-07192 frá 2007 (sjá heimildalista) og hnit þeirra (merkt með SP-).

Fornminjar sem Fornleifastofan/Bjarni F. Einarsson gerði 2012 sem hluta að umhverfismati Eflu fyrir PCC eru einnig innfærðar (merkt BE- í töflu).

Hnit í [hornklofum] eru námunduð og staðsetning þeirra færð af „kortum“ í skýrslum.

Staðsetning: Stór bókstafur táknar lóð, svæði. Litlir bókstafir framan við staðsetningu, táknar áttir frá viðkomandi svæði.

Hættumörk eru metin þannig eins og í skýrslum um fornleifar: Innan lóðarmarka og 50 m utan þeirra = Stórhætta / Utan 50 m frá lóðarmörkum = Hætta / Svæði undir vegum og 25 m frá miðlínunum þeirra = Stórhætta.

Staðsetningar ofangreindra skráðra fornleifa kemur fram á deiliskipulagsupprætti 01, merktar með rauðum hring og númeri (fornleifar í „stórhættu“ með sverari línugerð).

13. Deiliskipulagsuppráttur.

Greinargerð þessi er fylgiskjal deiliskipulagsuppráttar Mannvits hf.: Teikning nr. F02: „Iðnaðarsvæði á Bakka, Norðurþingi. Deiliskipulag – 1. áfangi.“ Deiliskipulagsuppráttur í mkv.: 1:2.500, ásamt yfirlitsupprætti (ekki til staðfestingar) og tilvísun í gildandi aðalskipulag, báðir upprættir í mkv. 1:10.000. Dags. 25.06.2013.

Breytingar frá áður útgefnum upprætti, útg.: F01 eru:

- Lóð E1-iðnaðarlóð, með skilmálum sett inn og hnit hennar skilgreind
- Uppistöðulón í Bakkaá, minnkað í 0,4 ha „Slökkvivatnstjörn“.
- Lína sem afmarkar iðnaðarsvæði I-1 er gerð sýnileg á kafla deiliskipulags, austan þjóðveggar.
- Jarðstrengir frá spennivirki að iðnaðarlóðum vestan þjóðveggar innfærðir.
- Skilgreiningu (grænn litur) breytt í „Opin svæði til sérstakra nota“
- Hnit á x-hniti C3 leiðrétt í að vera 575 199.734

Útgáfa uppráttar merkt F01 gerð ógild.